

29.1.2015

Frumvarp til laga um örnefni – 403. mál

Umsögn til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis.

Örnefnanefnd lýsir yfir ánægju með frumvarp til laga um örnefni og vonar að lögin hljóti staðfestingu á yfirstandandi þingi.

Nefndin gerir tillögu um viðbót við eina grein frumvarpsins. Við 4. gr. bætist nýr c-liður og aðrir liðir færast aftar. Liðurinn hljóði svo:

„c. að úrskurða um nöfn á skiltum á vegum opinberra aðila.“

Rökstuðningur:

Víða um land eru dæmi um röng nöfn eða ranga rithætti á skiltum á vegum opinberra aðila, t.d. Vegagerðarinnar eða sveitarfélaga. Mikilvægt er að nefndin geti hlutast til um þessi mál í ljósi þess að eitt meginmarkmið frumvarpsins er að stuðla að verndun örnefna og nafngiftahefða, sbr. 1. gr.

Nefndin vill ennfremur ítreka, eins og kom fram í undirbúningi starfshópsins sem samdi frumvarpið, að þar sem um ný verkefni er að ræða sé nauðsynlegt að ráða starfsmann á Nafnfræðisvið Árnastofnunar til að sinna þeim. Nefndin leggur áherslu á að þetta verði tekið til greina til að tryggja framkvæmd laganna.

Virðingarfyllst,

F.h. Örnefnanefndar

Þórunn Sigurðardóttir, formaður Örnefnanefndar